

1987 nr. 47 30. mars

Lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna¹⁾

¹⁾ Falla úr gildi 1. jan. 2008 skv. l. 30/2007, 21. gr.

Tóku gildi 14. apríl 1987.

■ **1. gr.** Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt

að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978).

■ **2. gr.** Ráðherra er heimilt að setja reglur um heildarmönnun kaupskípa í samræmi við ályktun A. 481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981.

■ **3. gr.** Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.